

BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR



Íslenska bútasaumsfélagið skipuleggur námskeið fyrir byrjendur í bútasaumi. Sérniðið fyrir fólk sem vill læra réttu handbrögðin frá grunni og ljúka við allan frágang á námskeiðinu.

Staður: Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, Sólvallagötu 12
Dags.: Laugardagur og sunnudagur 5. - 6. febrúar 2011
Tími: kl. 9:00 - 15:00
Kennarar: Guðrún Hannele Henttinen og Margrét Ósk Árnadóttir
Verð: 15.000 kr. - innifalið: kennsla, námsgögn og hressing

Námskeiðslýsing: Saumað verður einfalt barnateppi/dúkur 90x90 cm. Nemendur læra grundvallaratriði í bútasaumi: skurðtækni, val á efnum, litasamsetningar, grunn í vélsaumi, straujun og frágang. Einnig verða skoðaðar ýmsar tegundir af munstrum og bútasaumsaðferðum.

Hafa meðferðis á námskeiðið:

- 1) Saumavél. Athugið að saumavélarnar þurfa að vera í góðu lagi eða nýlega yfirfarnar.
- 2) Efnispörf: Fyrir miðhlutann: 50 cm af grunnefni í ljósum lit, 25 cm af efni í millilit og 25 cm af efni í dökkum lit. Fyrir kant og bryddingu 60 cm. Efni í bak 95 cm. Tvinni í hlutlausum lit eða sem passar við litina á efnunum.
- 3) Saumaáhöld: Títuprjónar, sprettuhnífur, skæri.
- 4) Skurðarmotta, skurðarhnífur, stika.
- 5) Skriffæri.

Þær sem eiga ekki þau efni og áhöld sem eru talin upp vinsamlega hafi samband við kennara sem gefa nánari upplýsingar. Guðrún Hannele: hannele@storkurinn.is og Margrét Ósk: moa2@simnet.is Skráning: moa2@simnet.is eða í síma 892 8619/551 8619.